

Opnunartími sundlauganna

Neslaug: miðvikudaga 17-22 og laugardaga 13-18

Skeiðalaug: mánudaga og fimmtudaga 18-22

Gaukurinn

Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

3.árg. 5.tbl. apríl 2023



Opnunartími á gámasvæðinu í Árnesi

miðvikudaga 14:00-17:00 og laugardaga 12:00-15:00

Grenndargámar við sundlaugina í Brautarholti og Félagsheimilið í Árnesi opnir allan sólarhringinn

Vorverkin eru hafin og sumarið er í loftinu. Það var sérstaklega ánægjulegt að kynna ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2022 en A hluti skilaði 109,2 milljóna afgangi og A+B skilaði 115,3 milljóna afgangi. Traustur rekstur sveitarfélagsins leggur grunninn að því að við getum byggt upp til framtíðar af skynsemi. Þrátt fyrir að niðurstaðan sé betri en ég hefði þorað að áætla, þá teljum við okkur geta náð mun betri árangri. Þannig munum við leggja grunninn að mikilli uppbyggingu næstu ára, uppbyggingu sem verður gerð af skynsemi og ráðdeild.

Ég hef aldrei verið hræddur við að setja mér há markmið og þau markmið sem sveitarstjórn hefur sett um uppbyggingu til framtíðar eru mjög metnaðarfull. Maður verður einfaldlega að setja sér há markmið til að ná árangri.

Við höfum tekið stórar ákvarðanir í skólamálum til framtíðar og í blaðinu fjallar Vilborg ítarlega um skólamálin hjá okkur í sveitarfélaginu.

Vindorkumálin eiga eftir að vera mikið til umfjöllunar í sveitarstjórn á næstu misserum. Fyrsti vindorkugarðurinn á Íslandi er áætlaður í Búrfelli þar sem 120MW vindorkugarður er í nýtingarflokki rammaáætlunar. Landsvirkjun hefur sótt um virkjanaleyfi hjá Orkustofnun fyrir uppbyggingu á Búrfellslundi. Þess vegna lagði ég fram þá tillögu í sveitarstjórn að allir í sveitarstjórn gætu farið í skipulagða ferð til Noregs þar sem fjallað var um uppbyggingu Vindorku. Niðurstaðan var að ég, Vilborg og Bjarni fórum í fræðsluferð til Noregs þar sem vindorkuframleiðsla



Pistill frá sveitarstjóra

var á dagskrá. Bjarni fjallar ítarlega um ferðina í blaðinu.

Það er sérstaklega gaman að sjá hversu mikil ánægja er með breytingarnar sem eru að eiga sér stað í Skeiðalaug. Aðsókn hefur aukist mikið í laugina sem er frábært. Framkvæmdirnar munu taka lengri tíma en við áætluðum í upphafi þar sem ákveðið var að gera meiri viðgerðir á steypu veggjunum heldur en við gerðum ráð fyrir í upphafi. Samt lögðum við fram viðauka við fjárhagsáætlun á síðasta sveitarstjórnarfundinum þar sem við gerum ráð fyrir lökkun á framkvæmdakostnaði við Skeiðalaug á þessu ári um 20 milljónir. Nú ráðgerum við að framkvæmdir þessa árs verði 50 milljónir en ekki 70 milljónir eins og var upphaflega áætlað.

Starfsmenn sveitarfélagsins fóru í óvissuferð í síðasta mánuði sem heppnaðist með eindæmum vel. Það er gaman að finna fyrir jákvæðninni og samstöðunni sem er í starfsmannahóp sveitarfélagsins. Það eru skemmtilegir tímar framundan.

Kveðja,

Haraldur Þór Jónsson



Ungmennafélag Skeiðamanna



Sumardagurinn fyrsti var haldinn hátíðlegur og fjöldi gesta sem mætti. Veðrið var til fyrirmyndar og gestir nutu vel. Við þökkum Núpshestum kærlega fyrir sitt framlag að bjóða krökkum á bak þennan dag. Einnig fengum við mjög góða sjálfbóðaliða í að grilla fyrir okkur pylsur sem runnu vel niður og boðið var upp á ís í eftirrétt.

Í Júní hefst svo árlega leikjanámskeiðið okkar. Að þessu sinni mun hún Elin Moqvist sjá um það. Námskeiðið er virka daga frá 5.júní – 16.júní frá kl 9:30 – 12:00.

Opið er fyrir skráningu inn á:

<https://www.sportabler.com/shop/heilsueflandiuppsveitir/umfskeidamanna>

Einnig verður haldið úthreysti námskeið í júní fyrir fullorðna. Skráning og frekari upplýsingar koma um miðjan maí og verða auglýstar á Facebook hóp sveitarfélagsins „Íbúar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi“



Myndir af sumardegnum fyrsta 20.apríl

Skeiðalaug


Nú er infrarauða saunan okkar tilbúin og var tekin í notkun á sumardaginn fyrsta þann 20.apríl síðastliðinn. Hún hefur vakið mikla lukku og fólk almennt mjög ánægt með hana. Klefinn okkar er einn af þeim stærstu á landinu og rúmar 6 fullorðna. Mælt er með að vera um 25 mínútur í klefanum til að fá sem bestu virkni.

Læknisfræðilegar rannsóknir hafa sýnt fram á fjölda jákvæðra áhrifa sem innrauð geislun hefur. Það er eitt af heitustu ljóssviðunum frá sólinni og hefur engin skaðleg áhrif. Hitinn fer dýpra inn í líkamann en hefðbundin gufa og reynir minna á líkamann því hitastigið er lægra, eða um 60°C. Svitinn sem kemur út frá infrarauðri saunu er ekki soginn út úr líkamanum, heldur þrýst innan frá og út. Þessi djúp virkandi varmi frá infrarauðu geislunum hreinsar húðina í gegnum svitaholurnar. Næring og súrefni flytjast betur til frumanna. Með því að opna svitaholurnar fjarlægjum við sködduð efni og dauðar húðfrumur á fljótlegan hátt og flýtum fyrir endurnýjun, sem gefur frískari og mýkri húð.

Hér eru nokkrir punktar um infrarauða saunu:

- Infrarauður ljósgeisli þýðir í raun djúp hitun, hitinn frá infrarauðu geislunum smýgur allt að 4.5 cm inn í líkamann
- Salt, þungir málmar og úrgangsefni skolest burt.
- 80% svitans er vökvi og 20% eru úrgangsefni.
- Infrarauðu geislarnir leysa upp vöðvabólgur, mýkja upp vöðva og lina þjáningar vegna gígtar.
- Eykur blóðflæði, styrkir hjarta- og æðakerfi líkamans.

Maður finnur fyrir vellíðan í infrarauðri saunu, upplifir afslappandi og afstressandi áhrif sem einnig bæta ónæmiskerfi. Þegar hiti eða flensa gerir vart við sig getur notkun á infrarauðri saunu haft jákvæð áhrif



Starfsmaður óskast í Skeiðalaug

Skeiða og Gnúpverjahreppur óskar eftir starfsmanni til að sinna vöktum í Skeiðalaug í sumar með möguleika á áframhaldandi starfi. Um er að ræða vaktavinnu, kvöld og helgarstarf.

Umsækjandi þarf að vera *orðinn 18 ára, kurteis og lipur í mannlegum samskiptum, duglegur og metnaðarfullur.*

Skilyrði er að standast sundpróf og ljúka skyndihjálparnámskeiði. Boðið verður upp á slíkt námskeið starfsmönnum að kostnaðarlausu.

Starfið felur í sér afgreiðslu, móttöku á gestum, vöktun sundlaugarsvæðis, þrífum á klefum og öðrum svæðum laugarinnar.


Fólk af öllum kynjum eru hvött til að sækja um.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélagi.

Umsóknir sendast á netfangið viktoriaros@skeidgnup.is. Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin.



**SKEIÐA- OG
GNÚPVERJAHREPPUR**



Nánari upplýsingar um starfið veitir
umsjónaraðili Skeiðalaugar.

Viktoría Rós, í síma 772-2484.

Ágengar tegundir

Ágeng tegund er plöntu- eða dýrategund sem hefur verið flutt í ný heimkynni til ræktunar eða annarra nota en hefur breiðst út og valdið tjóni á villtri náttúru eða ræktarlandi.

Ágengar framandi tegundir eru nú taldar vera önnur helsta ástæða hnignunar líffræðilegrar fjölbreytni í heiminum. Ísland hefur skuldbundið sig með aðild að ýmsum alþjóðasamningum til að vernda upprunalegt lífríki landsins og sporna við innflutningi framandi lífvera sem ógna vistkerfum, vistgerðum og innlendum tegundum.

Á Íslandi eru plöntutegundirnar alaskalúpína, skógarkerfill og risahvannir (bjarnarkló og tröllakló) skilgreindar sem ágengar framandi tegundir sem geta valdið skaða eða rýrnun á líffræðilegri fjölbreytni.

Alaskalúpínu (*Lupinus nootkatensis*) þekkja allir og hefur hún breiðst út um landið með auknum hraða síðustu árin og þekur nú stór svæði, setur svip sinn á landslag og verður oft ríkjandi tegund í gróðurfari á kostnað annarra smærri plantna.

Á gróðursnaðum og rýrum svæðum, eykur lúpína frjósemi jarðvegs og tegundum getur fjölgað en fari hún yfir gróið land verður hún ríkjandi og þær tegundir sem fyrir voru hörfa flestar eða þekja þeirra minnkar. Viða hefur lúpínan farið yfir lágvaxinn gróður s.s. lynggróður og m.a. eytt berjalandi. Helst eru það skuggapolnar og áburðarkærar tegundir sem dafna í lúpínubreiðum. Áður var talið að lúpínan hörfaði eftir einhvern tíma en óvíst er að það gerist allsstaðar og þegar hún hörfar hefur hún gjörbreytt gróðurfari.

Uppræting lúpínu getur tekið langan tíma því fræforði í jarðvegi heldur áfram að spíra í mörg ár. Ráð er að slá lúpínu áður en hún myndar fræ og rífa upp litlar plöntur. Eftir því sem lúpínubreiðurnar verða stærri því erfiðara er að uppræta hana en hægt er að hefta úrbreiðslu með slætti fyrir fræfall. Beit hefur mikil áhrif á nýliðun og vöxt plantna.



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps kemur út um hver mánaðarmót og er dreift á öll heimili í sveitarfélaginu. Hægt er að kaupa auglýsingar í blaðið og skal senda auglýsingar og aðsendar greinar til gaukurinn@skeidgnup.is

Útgefandi: Skeiða- og Gnúpverjahreppur. **Ábyrgðarmaður:** Haraldur Þór Jónsson

Skógarkerfill (*Anthriscus sylvestris*) er stórvaxin planta sem hefur breiðst hratt út við þéttbýli, í vegköntum og á beitarmörðum svæðum. Hann fjölga sér bæði með fræjum og af rót, er hraðvaxta og duglegur í samkeppni við aðrar plöntur en vax best í frjósömum jarðveg þar sem hann verður ríkjandi og kæfir aðrar plöntutegundir, nær meir að segja yfirhöndinni í lúpínubreiðum.

Til að stemma stigu við úrbreiðslu kerfilsins þarf að koma í veg fyrir að hann nái að fella fræ og skjóta rótum. Helsta ráðið er að slá hann áður en hann myndar blóm og fræ og þarf að gera að a.m.k. tvisvar á sumri eða beita hann af sauðfé en hross eru ekki hrifin af honum. Hægt er að stinga upp rætur en það er mjög vinnufrekt en gerlegt þegar um stakar eða fáar plöntur er að ræða.

Risahvannir eru mjög stórvaxnar af ættinni *Heraclerum*. Á Íslandi eru tvær tegundir flokkaðar sem ágengar, bjarnarkló og tröllakló. Bjarnarkló er 2,2-3,2 metrar á hæð og tröllakló 1,8-2,8 m. Þær eiga auðvelt með að ná fótfestu í lágvöxnum gróðri og dreifast hratt út og geta orðið alvarlegt illgresi sem erfitt er að uppræta. Þessar risahvannir eru eitradar og berist safi þeirra á hún veldur hann bruna í sólarljósi. Mikilvægt er að eyða þessum plöntum strax og þeirra verður vart. Það má klippa þær niður og grafa ræturnar upp og þarf að vera í viðeigandi hlífðarbúnaði við það verk svo plöntusafinn komist ekki að húðinni eða í augu. Fylgjast þarf með vaxtarstað plöntunnar í allt að þrjú ár eftir að rætur hafa verið grafnar upp því hún getur skotið upp kollinum aftur. Best er að skera plöntuna snemma árs og áður en hún ber fræ.

Við hvetjum fólk til að hafa augun opin og taka eftir sjái það þessar ágengu tegundir í nágrenninu og sporna við útbreiðslu þeirra í sveitarfélaginu.

Nánari upplýsingar: agengar.is,

ni.is/is/grodur/agengar-plontur

Loftslags- og umhverfisnefnd

REKSTRARVÖRUR TIL HEIMILIS

Gæludýrafóður, olíuvörur, vinnugallar og fleira!



📍 Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
☎ 480 5600

📍 Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
☎ 480 5610

🌐 www.landstolpi.is
✉ landstolpi@landstolpi.is

Skólamál í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Ágætu sveitungar og áhugafólk um skólamál í sveitarfélaginu.

Eins og marg oft hefur komið fram lögðum við upp með það í kosningum fyrir ári að halda lýðræðislegt skólaþing í þeim tilgangi að heyra raddir, vonir og væntingar íbúa til skólamála í sveitarfélaginu til framtíðar. Til þess að verkið væri unnið á sem faglegastan máta var fenginn einn fremsti sérfræðingur á Íslandi í skólaþróun í verkið, Ingvar Sigurgeirsson fv. prófessor við Háskóla Íslands. Fyrir skólaþingið sjálft voru haldnir sjálfstæðir fundir með rýnihópum sem samanstóðu af kennurum og starfsfólki skólanna og einnig hverjum árgangi í skólunum fyrir sig. Undantekningalaust þá voru þessir fundir mjög gagnlegir og margar mikilvægar ábendingar komu fram hjá nemendum. Það er ljóst að ýmislegt þarf að bæta en einnig greinilegt hvað er gott og hverju megi hygla í starfi skólanna svo það verði enn betra. Í þessum rýnihópaviðtölum komu sem sagt fram styrkleikar og veikleikar og sá efniviður ásamt niðurstöðum skólaþingsins sjálfs er það efni sem skólastefnan var unnin upp úr.

Til að vinna skólastefnuna sjálfa var stofnaður stýrihópur sem Ingvar Sigurgeirsson stýrði. Hópurinn samanstóð af kjörnum fulltrúum í skólanefnd, fulltrúa foreldra og fulltrúum úr skólunum. Stýrihópurinn fundaði nokkuð oft og vann í efninu þess á milli. Niðurstaða þessarar

vinnu er núna komin nokkuð fast mótuð niður á blað og kallast drög að skólastefnu. Það eru nokkur mikilvæg atriði eftir sem eiga eftir að koma inn í skólastefnuna. Eftir er að taka til greina niðurstöður ungmennapings sem haldið var 15.apríl síðastliðinn. Einnig eigum við eftir að taka tillit til innleiðingar sveitarfélagsins á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og það sem er ekki síst mikilvægt – að fá íbúa til að lesa yfir drögin að skólastefnunni og koma með ábendingar og rýni til gagns.

Núna hafa drögin að skólastefnunni verið sett á vefsíðu sveitarfélagsins og þau sem vilja láta sig málið varða eru hvött til að lesa og senda línu í tölvupósti ef eitthvað er sem betur mætti fara, ábendingar um innihald og stefnuna sjálfa í litlu og stóru samhengi.

Skólastefnan sjálf er kaflaskipt og við skilgreinum kaflana sem Vörður. Með orðinu Varða er verið að vísa í landfræðilega og menningarlega tengingu í samfélagi okkar. Í arfleið sveitarfélagsins spilar náttúran stóran sess og til að komast leiðar sinnar á áfangastað eru vörður mikilvægar. Vörðurnar okkar eru:

- Nám, kennsluhættir og skólastarf
- Samskipti og skólabragur
- Heimili og skóli
- Samvinna skólanna
- Skólinn og nærsamfélagið
- Starfs- og skólaþróun


Við lítum svo á að með því að marka skólastefnu þá sé hún upphafið að margra

ára sameiginlegri vinnu við að gera skólana okkar enn betri. Skólastefnan gerir ráð fyrir að ábyrgðin á framkvæmd hennar sé dreifð. Skólarnir sjá að miklum hluta til um hrinda henni í framkvæmd, skólanefnd og sveitarstjórn hefur það hlutverk að veita fjármagn og aðstæður fyrir skólann til að framkvæma en einnig til að veita eftirfylgni. Foreldrar, nemendur og samfélagið fá það hlutverk að kynna sér stefnuna, styðja hana og leggja af mörkum svo hún nái fram að ganga. Við erum því rétt að byrja.

Við eigum sérstaklega gott starfslið í skólunum, þar ríkir góður og orkuríkur starfsandi og segja má að þau geti ekki beðið eftir að hefja vinnuna. Þess má einnig geta að nemendur gáfu kennurum sínum góðan vitnisburð, nefndu að þeir væru umhyggjusamir og kenndu þannig að það væri spennandi að fara í næsta tíma og „...að maður fattar ekki einu sinni að maður sé að læra því það er svo gaman“.

Við ætlum að stíga þau skref að fara út fyrir kassa hefðbundins skólastarfs. Skólastarf á ekki einungis að fara fram

innan veggja steinsteypu og sem dæmi þá er stefnt að því að efla náttúrukennsluna mikið, fara meira út á vettvang, hvort sem það er inn í Þjórsárdal, í nánasta umhverfi eða með því að fá rútur til að fara á áhugaverða staði. Eins og við þekkjum þá er það ekki einungis náttúra sem er fyrir utan þessa fastmótuðu veggj því við höfum fjölmörg námstækifæri í nánasta umhverfi. Í skólastefnunni er lögð áhersla á að nýta sérþekkingu innan samfélagsins bæði hjá einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum. Nemendur kalla mikið eftir námstækifærum þar sem þau fá sjálf að takast á við raunveruleg verkefni og tækifærin til þess eru fjölmörg. Þjórsárskóli á sér sterka sögu sem Nýsköpunarskóli og þann þátt viljum við efla til muna. Í því samhengi stefnum við á að koma á lagginar svokölluðu FabLab verknámshúsi þar sem þessi þáttur mun fá ríkulega aðstöðu. Stóru verkefnin eru að bæta íþróttaaðstöðuna og þið ykkar sem lögðu leið ykkar í Árnes á síðasta íbúafund (3.mai) þar sem farið var yfir ársreikning sveitarfélagsins sjáið að við erum í góðri aðstöðu til að láta það



Löggiltur rafverktaki / bílaflutningur

Axel 860-7073

ræstast.

Í mannfjöldaspá sem gerð var á dögunum er gert ráð fyrir þónokkurri fjölgun í sveitarfélaginu og miðað við að sú fjölgun raungerist teljum við það ábyrga ákvörðun að vera með heilstæðan skóla, 1.-10.bekk í sveitarfélaginu. Það er mikilvægt að taka það fram að þetta er ekki að fara að gerast fyrr en við getum boðið upp á jafn skemmtilegt skólaumhverfi, félagslega og námslega – eins og við höfum fengið fyrir unglingana okkar í Hrunamannahreppi. Ég legg áherslu á að þessi pólitíska ákvörðun er ekki tekin vegna þess að við séum á nokkurn hátt ósátt við það góða samstarf sem hefur verið undanfarna áratugi, þetta liggur fremur í hlutarins eðli að þegar fjöldi nemenda sé orðinn það mikill að það sé ekki forsvaranlegt að keyra fleiri tugi barna burt úr sveitarfélaginu. Við ætlum jafnframt að hafa frumkvæði af og efla

samstarf við hina nágranaskólana, með því að stuðla að því að unglingastigin hittist meira og efla kynnin – sem og að veita kennurum tíma og rúm til að hittast meira og efla samstarfið.

Í haust var því stundum fleygt fram í gamni að við ætluðum að stefna á besta skólasamfélag á Íslandi en eftir þennan vetur í þessari skemmtilegu og gefandi vinnu við gerð skólastefnunar – þá er ekki lengur haft í flimtingum – við ætlum að eiga besta skóla á Íslandi.

Hvet ykkur öll til að lesa drögin að skólastefnunni og senda ábendingar til: vilborg@skeidgnup.is hronn@skeidgnup.is

*Með góðri kveðju
Vilborg Ástráðsdóttir
formaður skólanefndar.*

Líkamsrækt Skeiðalaugar

Í kjallara Skeiðalaugar er nú verið að útbúa líkamsræktarsal. Allur búnaður er glænýr, ný kominn upp úr kössunum og mættur á svæðið. Unnið er í því að skrúfa saman tæki, hengja upp búnað og útbúa skipulag í kring um þetta allt saman. Í lok máli verður svo hægt að kaupa sér aðgangskort og nota rýmið að vild. Hurðin er aðgangsstýrð svo aðeins þeir sem eru með kort komast inn.



Aldurstakmark er 15 ára og þurfa þeir skriflegt leyfi frá foreldrum/forráðamönnum. Auglýst verður á Facebook síðu Skeiðalaugar og Íbúasíðu sveitarfélagsins þegar allt verður tilbúið svo fylgist vel með.

Fréttir frá Þjórsárskóla

Lífshlaupið

Á dögunum var veitt viðurkenning fyrir Lífshlaupið og fengu þeir nemendur sem höfðu hreyft sig mest flugdreka í verðlaun. Mjög góð þátttaka var hjá nemendum í 1.-4.bekk.

Það var Freyr Leó í 2.bekk og Agnes Día í 3.bekk sem hlutu viðurkenninguna í ár en þau hreyfðu sig samtals í meira en 2000 mínútur.



Stóra upplestrarkeppnin

Fimmtudaginn 27.apríl var Stóra upplestrarkeppnin, sem að þessu sinni var haldin í Árnesi. Keppendur voru 9 talsins frá þremur grunnskólum. Okkar nemendur í Þjórsárskóla stóðu sig frábærlega vel og hnepptu öll verðlaunasætin. Eftir spennandi og jafna keppni varð Bergur Tjörvi í fyrsta sæti, Ásdís María í öðru og Snorri í þriðja. Íslenskukennarinn þeirra í vetur er Karen Kristjana.



Hjálmanotkun

Sigríður Björg skólahjúkrunarfræðingur kemur reglulega með fræðslu fyrir nemendur inn í skólann. Nú á vordögum fékk 1. bekkur hjálma að gjöf frá Lions hreyfingunni á Íslandi og um leið fræðslu um hjálmanotkun og aðstoð við að stilla hjálmana sína frá Sigu.



Útinám

Allir nemendur skólans eru með útinám í stundatöflu. Hér má sjá nokkrar myndir frá kennslunni.





Nú nýverið bauðst sveitarstjórn að fara í fræðsluferð til Noregs dagana 25.–29. apríl um hagnýtingu vindorku í Noregi. Þessi ferð var skipulögð af íslenska sendiráðinu í Noregi í samstarfi við Grænvang og fjölmarga norska samstarfsaðila. Þar hittum við forsvarsmenn sveitarfélaga, orkuframleiðendur og aðra hagaðila við hagnýtingu vindorku. Um 37 manns tóku þátt í þessari ferð. Frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi fóru Haraldur Þór Jónsson, oddviti og sveitarstjóri, Vilborg Ástráðsdóttir og Bjarni H. Ásbjörnsson. Auk okkar voru fulltrúar frá sveitarstjórnunum af vestur-, norður- og austurlandi í ferðinni ásamt hagsmunaaðilum í orkumálum á Íslandi, ráðuneytum og vinnuhópum.



Margt bar á góma og fengum við mjög góða kynningu á því hvernig Norðmenn hafa staðið að uppbyggingu vindorkuvera allt frá árinu 2000. Uppbygging fór hægt af stað en óx jafnt og þétt þar til árið 2017 að framleitt afl fór yfir 1.000 MW. Árið 2020 tók framleiðsla á rafmagni með vindorku gríðarlegan kipp og í dag er framleitt afl komið yfir 5.000 MW á ári.

Það sem mér þótti eftirtektarvert var hvernig Norðmenn standa að leyfisveitingum þegar kemur að vindorku. Noregsþing ákvað fyrir allnokkru hvar orkuuppbygging sé heppilegust í landinu og hefur skilgreint svæði sem falla betur að vindorku. Svæði eru merkt rauð þar sem ekki er heimilt að reisa orkuver. Undir olíu- og orkumálaráðuneyti Noregs heyrir ríkisstofnunin NVE. Þessi stofnun fer yfir allar umsóknir sem berast um orkuframleiðslu í landinu, metur þær á margvíslegan hátt, meðal annars hvort þær standist lög um orku og vatnsvernd. Hluti af leyfisferlinu felst í því að framkvæmda-aðilar þurfa að ræða við íbúana í þeim samfélögum þar sem áhrifa vindorkugarða gætir og semja við sveitarfélögin um uppbygginguna og skiptingu tekna af orkuframleiðslunni. Tilgangurinn með þessum skorðum er að



gefa öllum sem hagsmuna hafa að gæta, tækifæri til þess að koma skoðunum sínum og röksemdum á framfæri. Þannig verður NVE betur í stakk búið til að taka ákvörðun um leyfi til orkuframleiðslu með því að taka tillit til kosta og galla uppbyggingarinnar. NVE hefur hafnað umsóknum á grundvelli rökstuddrar gagnrýni frá samfélögunum og sveitarstjórnnum. Niðurstaðan er endanleg og ekki kæránleg. Noregsping kemur aldrei að einstökum ákvörðunum um orkuframleiðslu. Leyfi til framleiðslu á

rafmagni með vindorku í Noregi er veitt til 30 ára. Á þeim tíma er framleiðanda skylt að leggja hluta af tekjum af raforkusölunni í sjóð sem notaður verður til þess að fjármagna það að taka niður vindmyllurnar eftir 30 ára notkun og ganga frá landi þannig að það verði sem næst því sem það var áður en uppbygging hófst.

Í samtölum hópsins við sveitarfélögin Nord-Odal og Bjerkreim kom berlega í ljós hversu vel sveitarfélögin geta staðið gagnvart fyrirhuguðum orkugörðum

og hversu rík áhersla er lögð á aðkomu íbúanna og nágrannasveitarfélaganna í undirbúningi leyfisveitingar NVE. Sveitarfélög geta haft neitunarvald gagnvart uppbyggingu í nágrannasveitarfélagi og verði sú raunin þá verður ekkert úr framkvæmdum. Sveitarstjórnir hafa líka veruleg ítök við uppbygginguna, ekki bara vegna skipulagsmála heldur ekki síður vegna þeirrar stöðu að geta samið beint við framkvæmdaaðila um sanngjarnar tekjur af raforkuframleiðslunni. Þær tekjur renna þá beint til innviðaupbyggingar þeirra. Sveitarfélögin hafa líka gert kröfur um að starfsmenn sem sjá um viðhald og eftirlit, verði staðsettir í þeim.

Skiptar skoðanir eru meðal Norðmanna um byggingu vindorkugarða í dag. Þegar uppbyggingin fór almennt af stað fyrir rúmum áratug voru þeir nokkuð hlynntir henni, en eftir því sem tækninni fleytti fram urðu vindmillurnar hærri og stærri til þess að auka framleiðslugetuna. Það hefur

orsakað breytt viðhorf fólks þar sem slíkar vindmyllur á landi hafa miklu meiri sjónræn áhrif á íbúana og aukin áhrif á umhverfið og náttúru. Nýjustu vindmyllurnar á landi eru allt að 225 metra háar þegar spaðarnir eru í hæstu stöðu og þurfa töluvert pláss til þess að fanga vindinn svo úr verði raforka. Eins og áður eru þeir sem hafa vindmillurnar ekki alltaf fyrir augunum hlynntari fyrir því að framleiða raforku með þessum hætti. Hins vegar gætir meira ópols hjá fólki sem hefur þær í bakgarðinum. En fjárhagslegur ávinningur vegur oft þungt þegar ákvarðanir eru teknar um hvort reisa skuli vindmyllur yfir höfuð.

Vegna þessa hafa Norðmenn í ríkari mæli skoðað þann möguleika að reisa vindorkugarða úti fyrir strönd landsins með fljótandi vindmillum sem eru stagaðar niður í stað þess að þurfa að standa á hafsbotni. Slíkir vindorkugarðar trufla ekki eins mikið daglegt líf almennings í landinu og er viðhorf þeirra jákvæðara í



garð uppbyggingar á hafi úti en á landi. Norðmenn hafa auðvitað áratuga reynslu af rekstri olíuborpalla úti á hafi og geta vel yfirfært þá þekkingu yfir á vindorkuver. Slíkar fljótandi vindmyllur eru verulega miklu dýrari en vindmyllur á landi, en



reynslan hefur sýnt okkur að tækniframfarir og aukin framleiðsla lækkar verð og dregur úr kostnaði.

Með þessari heimsókn til Noregs gafst okkur sveitarstjórnarfólki gott tækifæri til þess að fá upplýsingar frá fyrstu hendi um það hvernig staðið er að þessari orkuuppbyggingu. Ekki bara hvernig vindmillugarðar hafa þróast, heldur líka upplýsingar um það með hvaða hætti orkunni er dreift um landið og út fyrir landsteinanna. Norðmenn selja raforku til Evrópu þar sem þeir eru hluti af evrópsku dreifikerfi, eins og gervöll Norðurlöndin. Sú tenging sér til þess að nauðsynleg orkujöfnun er til staðar í dreifikerfinu þegar vindorkuver framleiðir ekki rafmagn vegna of mikils eða lítills vinds. Orkuverð á Evrópumarkaði stýrir verðlagningu rafmagnsins á Norðurlöndunum, þar með talið í Noregi. Norðmenn flytja því orkuna út á daginn þegar notkun er mikil og verðið hátt, en flytja inn orku á nóttunni þegar notkun er lítil og verðið lægra.

Það er hagur allra íbúa að sveitarstjórnarfólk nái að taka upplýstar ákvarðanir um hvaðeina sem á fjörur þeirra rekur gagnvart uppbyggingu, rekstri og þjónustu við samfélagið. Þannig getum við staðið betur að ákvarðanatöku og verið tilbúinn til þess að ræða ólík sjónarmið á yfirvegaðan og málefnalegan hátt. Samtal er ávallt fyrsta skrefið í átt til lausnar á ágreiningsefnum. Það er okkur í sveitarstjórn mikilvægt að standa þannig að málum.

Bjarni H. Ásbjörnsson,
varaoddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Gamla dularfulla húsið

5. Þáttur: maí.


Ég reyndi að sannfæra Bjarka og Stef um það að ég hefði séð Karlsson morguninn áður, en þau trúðu mér ekki. Þau vildu sönnunargögn. En það sást ekkert í myndavélinni, þannig að ég gat ekki gert neitt meira í bili. Nokkrum dögum seinna var ég að skoða vefsíður um drauga og hvernig væri hægt að rannsaka þá. Þá tók ég eftir einni vefsíðu sem á stóð: „Ghosts can not be spotted on camera“. Ég sýndi þeim þessa vefsíðu og þau fóru loks að trúa mér. Að lokum ákváðum við að prófa þetta aftur og nú sendum við Karlssyni pakka.

Ég var fyrir löngubúinn að eyðileggja þetta andskotans bréf sem kom í póstkassann. Krakka hálvitarnir vita ekkert hver ég er. En einn daginn var ég að þvælast um húsið þegar eitthvað gerðist innra með mér. Ég

varð... forvitinn. Það hafði ekki gerst öldum saman. Þannig að ég opnaði pakkann sem krakkarnir sendu mér. Mér brá rosalega þegar ég sá hvað var í honum. Það var... Broskall! BROSKALL! Hvað halda þau að ég sé! ÉG VIL EKKI SJÁ BROSKALL! Ég skal svo sannarlega drepa þau.

Nú fóru undarlegir hlutir að gerast. Fólk í nágrenninu tók að hverfa, eitt og eitt. Síðan fleira og fleira. Þessi mannhvörf breiddust út. Fyrst hvarf fólk í hverfinu mínu, svo úr skólanum og að lokum úr leikskólanum. Við voru bara örfá eftir. Við þrjú, ég, Stef og Bjarki. Fjölskyldan mín og nokkrir krakkar úr skólanum. Allir hinir voru horfnir. Margir reyndu að flytja. En þegar þau keyrðu burt kom bíllinn stuttu síðar lekandi hægt og rólega aftur til baka, tómur.

Einn daginn þegar ég kom heim úr skólanum (sem var eiginlega tómur) var mamma horfinn. Þá gat ég ekki meir. Ég féll á hnén og grét. Ég var viss um að þetta tengdist Karlssyni á einhvern hátt. Þá ákvað ég að nú væri komið nóg. Ég skyldi stoppa hann, í eitt skipti fyrir öll.



Höfundur
Bergur Tjörvi Bjarnason,
Hraunbrún

Kassabílarallý



Kassabílarallý verður haldið í Árnesi, laugardaginn 17. júní næstkomandi. Þátttaka er opin öllum óháð aldri, kyni eða búsetu – svo lengi sem bílarnir standist ástandsskoðun í upphafi keppni.

Til að öðlast keppnisrétt þurfa bílar og keppendur að standast eftirfarandi skilyrði:

1. Kassabíllinn þarf að vera „handverk“ – ekki fjöldaframleiddur og keyptur tilbúinn úr Kaupfélaginu eða öðrum kassabílabúðum

2. Kassabíllinn má einungis vera drifinn áfram af tveimur mönnum
Veitt verða verðlaun fyrir bestu frammistöðuna – jafnvel bestu tilprifin ef svo ber undir. Menningar- og æskulýðsnefnd áskilur sér rétt til að skipta keppninni upp í aldursflokka ef þörf þykir.

Frekari upplýsingar og skráningar í keppnina má senda á netfangið: hronn@skeidgnup.is



Sveitarstjórn 2022-2026. 18. fundur 5. apríl 2023 kl. 09:00 - 13:30

Mættir: Haraldur Þór Jónsson oddviti, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Gerður Stefánsdóttir í forföllum Karenar Óskarsdóttur, Vilborg Ástráðsdóttir og Gunnar Örn Marteinsson.

Sylvía Karen Heimisdóttir ritaði fundargerð.

Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera. Mál til afgreiðslu og umfjöllunar:

1. Skýrsla sveitarstjóra á 18. sveitarstjórnarfund

Sveitarstjóri fór yfir stöðu á eftirfarandi verkefnum sem unnið hefur verið að á síðustu tveimur vikum: Sjórnvarps- og blaðaviðtöl sveitarstjóra.

Fundur með umhverfis- orku- og loftslagsráðherra.

Fundur með fjármálaráðherra.

Fundur með þingflokksformanni vinstri grænna.

Fundur með fjölda annarra þingmanna.

Grænvangur ársfundur.

Fundur með Rauðukömbum.

Skólastefna – lokafundur.

Ferð til Egilsstaða v/Orkumál.

Ársfundur Landsnets.

Kynning orkusveitarfélaga fyrir stjórn SASS.

Fundur með forsætisráðuneytinu.

Kynning starfsnefndar samtaka orkusveitarfélaga.

Kynning orkusveitarfélaga fyrir stjórn SÍS.

Landsþing SÍS.

Verndaráætlun Þjórásárdalsins í auglýsingu.

Fundur með Vegagerðinni.

Fundur með forstjóra Landsvirkjunar.

Hvammsvirkjun - staða á framkvæmdaleyfis msókn.

Drög að ársreikningi.

Innleiðing á WorkPoint.

2. Endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Í samráðsgátt stjórnvalda er drög að frumvarpi til laga varðandi endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem Innviðaráðuneytið leggur fram. Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi hans. Tilgangurinn er að sveitarfélögin standi á jafnari grunni, að teknu tilliti til land- og lýðfræðilegra þátta auk fjárhagslegs styrks, til að sinna sínum lögbundnu verkefnum.

Ljóst er að fyrirhugaðar breytingar munu hafa veruleg áhrif á fjárhag Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Ef frumvarpið verður að lögum munu framlög frá Jöfnunarsjóði til Skeiða- og Gnúpverjahrepps lækka um rúmar 40,5 miljónir á ári miðað við árið 2022. Ljóst er að það mun hafa veruleg áhrif á getu sveitarfélagsins til að veita lögbundna þjónustu.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps staðfestir með fimm atkvæðum þá umsögn sem sveitarstjóri sendi í samráðsgáttina til að mótmæla fyrirhuguðum breytingum. Bæði núverandi og fyrirhugaðar reglur Jöfnunarsjóðs sem snúa að sveitarfélögum með stórar virkjanir í sínu nærumhverfi gerir það að verkum að sveitarfélagið geti borið beint fjárhagslegt tjón af starfssemi orkuvinnslu. Ljóst er að slík staða skapi lagalega óvissu um hvort sveitarfélögum sé yfir höfuð heimilt samkvæmt sveitarstjórnarlögum að skipuleggja og heimila framkvæmdir sem valda sveitarfélaginu tjóni. Þá er átt við bæði beint fjárhagslegt tjón en einnig samfélagslegt tjón gagnvart íbúum í nærumhverfi orkuvinnslu. Sú orkuvinnsla sem á sér stað í sveitarfélaginu er undirstaða lífsgæða allra íbúa landsins en getur á sama tíma ekki átt að orsaka skert lífsgæði í nærumhverfi orkuvinnslunnar. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps skorar á innviðaráðherra að tryggja að samhliða breytingum á regluverki um Jöfnunarsjóðs verði tryggt að reglurnar valdi ekki sveitarfélögum með orkuvinnslu í sínu nærumhverfi skaða á þeirri starfssemi.

3. Húsnæðisáætlun 2023

Lögð fram Húsnæðisáætlun Skeiða- og Gnúpverjahrepps til næstu 10 ára. Framundan er mikil uppbygging í sveitarfélaginu þar sem fjölgun starfa verður veruleg á næstu árum. Samkvæmt húsnæðisáætluninni er áætluð íbúðaþörf á næstu 5 árum 148 íbúðir og áætluð íbúðaþörf á næstu 10 árum verða 356 íbúðir. Raungerist sú áætlun er gert ráð fyrir að íbúar Skeiða- og Gnúpverjahrepps verði í kringum 1.400 árið 2033 og verður því geta sveitarfélagsins til að veita þjónustu og byggja innviði verulega sterkari heldur en í dag.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps staðfestir með fimm atkvæðum húsnæðisáætlun til næstu 10 ára. Hefja þarf vinnu við að skilgreina þörf fyrir leiguíbúðir fyrir eldri borgara, námsmannaíbúðir, félagslegar íbúðir, búseturéttar íbúðir, almennar leiguíbúðir fyrir tekju- og eignalaga ásamt íbúðum fyrir sértæk búsetuúrræði. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram og leggja fram áætlun fyrir

sveitarstjórn um komandi uppbyggingu í samræmi við umræðu að fundinum.

4. Ósk um lóð undir atvinnuhúsnæði

Fyrir liggja tvær umsóknir um atvinnulóð fyrir uppbyggingu á atvinnuhúsnæði. Búnaðarfélag Gnúpverja hefur óskað eftir lóð til uppbyggingar á atvinnuhúsnæði sem getur hugsanlega orðið sambærilegt og húsnæðið á Tvísteinabraut 2. Rauðukambar ehf. hafa óskað eftir lóð til uppbyggingar á u.þ.b. 1.000 fm atvinnuhúsnæði fyrir lager o.fl.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindi beggja aðila og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram.

5. Ósk um lóð til uppbyggingar á matvælaframleiðslu

Landnýting ehf. hefur óskað eftir því að fá lóð til uppbyggingar grænmetisframleiðslu á stórum skala með nútíma tækni. Töluverður hluti starfa við ræktunina verða hátæknistörf og áætlað er að megnið af framleiðslunni verði til útflutnings. Óskað er eftir allt að 30 hektara lóð sem áætlað er að byggja á í þremur áföngum. Í fyrsta áfanga yrði byggt 1ha gróðurhús sem mun skila um 24 störfum og verður komið í rekstur 2025. Í öðrum áfanga yrði byggt 4ha gróðurhús sem mun bæta við 64 störfum og verður komið í rekstur 2028. Í þriðja áfanga yrði byggt 20ha gróðurhús sem mun bæta við 196 störfum og verða komið í rekstur 2032. Heildarþjöldi starfa verður því um 284 þegar búið er að byggja upp alla starfseminna.

Sveitarstjórn tekur vel í óskir Landnýtingar ehf. um stórfellda uppbyggingu á matvælaframleiðslu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Verði verkefnið byggt að fullu mun áætluð raforkuþörf verða u.þ.b. 32 MW af rafmagni og yrði því fyrsti stórnotandi af rafmagni á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu sem er stærsta raforkuframleiðslusvæði landsins. Sveitarstjóra falið að vinna verkefnið áfram.

6. Tillaga að endurbótum á erindisbréfi Skólanefndar

Lögd fram tillaga að endurbættu erindisbréfi skólanefndar.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins.

7. Veidifélag Þjórsár fylgir eftir áskorun vegna undirbúnings Hvammsvirkjunar

Lögd fram áskorun frá Veidifélagi Þjórsár vegna umsóknar Landsvirkjunar um framkvæmdaleyfi fyrir Hvammsvirkjun. Það er mat Veidifélags Þjórsár að rétt sé að fresta meðferð umsóknar

Landsvirkjunar um framkvæmdaleyfi á meðan kæra Veidifélags Þjórsár á virkjanaleyfi Orkustofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er enn í vinnslu Sú kæra skapar óvissu um hvort ákvörðun Orkustofnunar um virkjanaleyfið muni halda gildi sínu.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þakkar Veidifélagi Þjórsár fyrir áskorunina og mun hafa innihald hennar til hlíðsjónar við meðferð umsóknar Landsvirkjunar um framkvæmdaleyfi.

8. Heimsókn vegna athugasemda við undirbúning Hvammsvirkjunar

Kristín Ása Guðmundsdóttir kemur inná fundinn og kynnir hennar sjónarmið á ágöllum við undirbúning og gögn tengd hönnun og umsókn við Hvammsvirkjun.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þakkar Kristínu fyrir erindið og mun hafa innihald kynningar hennar til hlíðsjónar við meðferð umsóknar Landsvirkjunar um framkvæmdaleyfi.

9. Breyting á gatnagerðargjöldum - fyrri umræða
Framundan er mikil uppbygging á húsnæði í sveitarfélaginu. Mikilvægt er að gatnagerðargjald standi undir kostnaði við nýjar götur sem er fyrirliggjandi að stofna og úthluta. Samkvæmt 4. gr. laga nr. 153/2006 skal gatnagerðargjald vera 15% af verðgrunni sem Hagstofa Íslands uppfærir með mældri breytingu vísitölu byggingarkostnaðar í næstliðnum mánuði, nema sveitarstjórn hafi mælt fyrir um lægra gjald í samþykkt sinni. Lagt er til að gatnagerðargjald verði:

Einbýlishús 8%

Par-, rað-, tvíbýlis, og keðjuhús 8%

Fjölbýlishús 6%

Verslunar-, skrifstofu- og þjónustuhús 2%

Iðnaðar-, geymslu- og annað atvinnuhúsnæði 2%

Aðrar byggingar 2%

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps staðfestir með fimm atkvæðum framlagða gjaldskrár og vísar breytingum á gatnagerðargjöldum til annarrar umræðu.

10. Drög að atvinnustefnu Uppsveita

Drög að atvinnumálastefnu uppsveita Árnæssýslu lögd fram til kynningar

11. Umsókn um Hamragerði 4.

Umsókn hefur borist að lóðinni Hamragerði 4, sem er einbýlishúsa lóð, frá Helga Bjarti Þorvarðarsyni.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum að úthluta lóðinni

Hamragerði 4 til Helga Bjarts Þorvarðarsonar.**12. Samningur um Reykholt**

Leigusamningur um Reykholt ásamt samkomulagi um afnotarétt í þjóðlendu lagt fram til staðfestingar sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum bæði samkomulag um afnotarétt í þjóðlendu og leigusamning um Reykholt.

13. Umsagnarbeiðni vegna rekstrarleyfis Réttarholti A

Lögð fram umsagnarbeiðni vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokk II – H Fristundahús í Réttarholti A, 804 Selfoss.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við umsókn um rekstur gististaðar í flokki II.

14. Félagssamningur og erindisbréf stjórnar Skóla- og Velferðarþjónustu Árnesþings bs.

Lagður fram félagasamningur fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs til seinni umræðu ásamt erindisbréfi til staðfestingar.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum fyrirleggjandi félagasamning Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. eftir seinni umræðu ásamt því að samþykkja með fimm atkvæðum erindisbréf stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

15. Útleiga beitarhólfra

Fyrirspurn hefur borist um hvort beitarstykki verði leigð út aftur eins og undanfarin ár.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum að leigja út beitarstykki sumarið 2023 með ákveðnum skilyrðum og í samræmi við ástandsmat Landgræðslunnar. Sveitarstjóra falið að útbúa gjaldskrá og leggja fyrir sveitarstjórn til staðfestingar.

16. Hvatning vegna tillagna um bættar starfsaðstæður kjörinna fulltrúa

Lagt fram bréf frá innviðaráðuneytinu þar sem sveitarfélög eru hvött til að bæta starfsaðstæður kjörinna fulltrúa.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps fagnar umræðunni um bættar starfsaðstæður kjörinna fulltrúa. Hluti af þeim tillögum sem skýrsla verkefnisstjórnar um bættar starfsaðstæður kjörinna fulltrúa hafa nú þegar verið innleiddar hjá Skeiða- og Gnúpverjahreppi en nauðsynlegt er að halda áfram að bæta starfsaðstæður kjörinna fulltrúa.

17. Reglur um vinnu-, hlífðar- og einkennisfatnað
Lagðar fram reglur um hlífðar-, vinnu- og einkennisfatnað starfsmanna Skeiða- og Gnúpverjahrepps til samþykktar sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum reglur um hlífðar-, vinnu- og einkennisfatnað.

18. Erindi frá sönghópnum Tvennum tímum

Söngsveitin Tvennir Tímar sem er kór eldri borgara í Uppsveitum Árnessýslu óskar eftir styrk til að standa straum af hluta kostnaðar við að halda úti starfinu.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur skv. fjárhagsáætlun styrkt kórastarf og félagsamtök í sveitarfélaginu í formi styrkfærðar húsaleigu með aðgengi að húsnæði sveitarfélagsins. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum að Söngsveitinni Tvennum Tímum verði veitt sambærilegur styrkur í formi styrkfærðar húsaleigu og aðgengis að húsnæði sveitarfélagsins.

19. Tilkynning til hluthafa um frest til að neyta forkaupsréttar

Lagt fram bréf frá Vottunarstofunni Tún ehf um tilboð Finns Sveinssonar stjórnarformanns Túns í 6,93% eignarhlut í félaginu. Skeiða- og Gnúpverjahreppi er sem hluthafi í félaginu gefinn kostur á að neyta forkaupsréttar að hinum selda hlut í hlutfalli við eignarhluta skv. ákvæði 7. gr. samþykktar félagsins.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum að nýta ekki forkaupsrétt sinn.

20. Fundarboð - fundur með fulltrúum forsætisráðuneytis vegna Þjóðlendna

Öll almenn jarðvinna Ólafsvellir ehf Sími 897-5997



Borist hefur fundarboð frá forsætisráðuneytinu um fyrirhugaðan fund mánudaginn 22.maí nk. kl. 9:00 í Félagsheimilinu Aratungu, Reykholti. Efni fundarins eru málefni þjóðlendna. Kjörnir fulltrúar og forsvarsmenn fjallskilaneftnda er boðið á fundinn. ***Sveitarstjóra falið að boða forsvarsmenn fjallskilaneftndar á fundinn.***

21. Minnisblað Landsnets um flutningskerfi raforku á Suðurlandi

Lagt fram til kynningar minnisblað frá Landsneti sem útskýrir hvaða áhrif komandi tengivirki við Hvammsvirkjun mun hafa á svæðið. Afhendingaröryggi raforku á svæðinu mun batna verulega og mikil tækifæri myndast með möguleika á stórmotendum rafmagns á atvinnusvæðinu í Árnesi.

Gerður Stefánsdóttir vék af fundi.

22. Fundargerðir og gögn Seyrustjórnar

Fundargerð 8. fundar Seyrustjórnar, minnisblað um rekstarform sameiginlegs seyruverkefnis og ársskýrsla Seyruverkefnisins lagt fram til kynningar.

23. Skipulagsnefnd Umhverfis- og tæknissviðs uppsveita. Fundargerð 257. fundar.

28. Löngudælaholt fristundasvæði; Endurskoðun deiliskipulags – 2104081

Lögd er fram tillaga er varðar breytingu og samræmingu deiliskipulags að Löngudælaholti úr landi Réttarholts að lokinni auglýsingu. Markmið deiliskipulagsbreytingarinnar er að skilgreina betur núverandi fristundabyggð út frá staðbetri grunngögnum. Fyrir liggur undanþága innviðaráðuneytis vegna fjarlægða frá vegum, ám og vötnum. Umsagnir og athugasemdir bárust á auglýsingartíma tillögunnar sem eru lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu með fjórum atkvæðum. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum og athugasemdum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

29. Grandi L166643; Votadæl 1, 3 og 5; Fjölgun lóða; Deiliskipulagsbreyting – 2211025

Lögd er fram umsókn frá Hrafnhildi Loftsdóttur er varðar breytingu á deiliskipulagi lóðar Granda L166643 (Votadæl) úr jörð Sandlækjar. Í

breytingunni felst fjölgun lóða og byggingarreita innan svæðisins. Eftir breytingu er gert ráð fyrir 3 lóðum á svæðinu þar sem heimilt verði að reisa allt að 3 hús á hverri lóð innan nýtingarhlutfalls 0,03. Heimilt er að byggja íbúðarhús m/bílskúr, gestahús og skemmu/geymslu í samræmi við nýtingarhlutfall ***Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir deiliskipulagið með fjórum atkvæðum og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.***

30. Álfstaðir II L215788; Nýbyggingar; Deiliskipulag – 1806055

Lögd er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til Álfstaða II L215788. Í deiliskipulaginu felst heimild til uppbyggingar á íbúðarhúsi, gestahúsa, reiðhallar/ hesthúss og skemmu á fjórum byggingarreitum.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir deiliskipulagið með fjórum atkvæðum og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

31. Bæjarás veiðihús L233313; Laxárdalur við Stóru-Laxá (svæði AF2); Aðalskipulagsbreyting – 2206010

Lögd er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Bæjaráss veiðihúss L233313 í Laxárdal við Stóru-Laxá eftir auglýsingu. Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felur í sér breytingu á afþreyingar- og ferðamannasvæðinu Stóra-Laxá, veiðihús (svæði AF2) í landi Laxárdals. Með breytingunni verður AF2 tvískipt svæði þar sem gert er ráð fyrir nýju veiðihúsi á lóðinni Bæjarás veiðihús L233313. Breyting verður gerð á greinargerð aðalskipulags- og skipulagsuppdraetti. Umsagnir bárust á auglýsingartíma aðalskipulagsbreytingar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu með fjórum atkvæðum. Umsagnir bárust við auglýsingu tillögunnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins. Að mati sveitarstjórnar er ekki þörf á að bregðast við umsögn Umhverfisstofnunar vegna breytinganna enda kemur fram í umsögn stofnunarinnar við deiliskipulag svæðisins að Umhverfisstofnun telji að svæðið sem deiliskipulags-tillagan nái til sé

hvorki á náttúruverndarsvæðum né á svæðum sem njóta sérstakrar verndar. Sveitarstjórn óskar verði eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulags-breytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

32. Bæjarás veiðihús L233313; Laxárdalur 1b og Laxárdalur 2; Deiliskipulag – 2203038

Lögð er fram tillaga er varðar nýtt deiliskipulag sem tekur til veiðihúss að Bæjarási, úr landi Laxárdals 1B og 2, eftir auglýsingu. Innan lóðarinnar er heimilt að byggja allt að 300 fm veiðihús á einni hæð sem þjónar starfsemi tengdri veiðifélagi árinna. Hús sem gestir geta haft tímabundna gistingu í og þegið þá þjónustu sem verður í boði. Heimilt er að leigja út gistingu til ferðamanna allt árið um kring. Umsagnir bárust á auglýsingatíma málsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu þess ásamt uppfærðum gögnum.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu með fjórum atkvæðum. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

33. Minni-Ólafsvellir L166482; Byggingarheimildir; Deiliskipulag – 2302014

Lögð er fram umsókn frá Vesturkoti - Rekstur ehf er varðar tillögu nýs deiliskipulags að Minni-Ólafsvöllum. Í tillögunni felst skilgreining á byggingarreitum umhverfis núverandi hús auk þess sem gert er ráð fyrir uppbyggingu hesthúss og 3 gestahúsa.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir deiliskipulagið með fjórum atkvæðum og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

34. Árnes; Þéttbýli; Landnotkunarflokkar; Aðalskipulagsbreyting - 2303052

Lögð er fram skipulagslýsing sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 vegna þéttbýlisins í Árnesi. Markmiðið með breytingunni er að svara eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði í Árnesi.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fjórum atkvæðum skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

24. Loftslags- og umhverfisnefnd. Fundargerð 1. fundar

Fundargerð lögð fram til kynningar.

25. Loftslags- og umhverfisnefnd. Fundargerð 2. fundar

Fundargerð lögð fram til kynningar.

26. Loftslags- og umhverfisnefnd. Fundargerð 3. fundar

Fundargerð lögð fram til kynningar.

27. Loftslags- og umhverfisnefnd. Fundargerð 4. fundar

Fundargerð lögð fram til kynningar.

28. Loftslags- og umhverfisnefnd. Fundargerð 5. fundar

Fundargerð lögð fram til kynningar.

29. Aðalfundarboð Veiðifélags Þjórásar

Aðalfundarboð Veiðifélags Þjórásar lagt fram til kynningar.

30. Fundargerð Samtaka Orkusveitarfélaga

Fundargerð 58. fundar Samtaka Orkusveitarfélaga lögð fram til kynningar.

31. Fundargerð starfsnefndar Samtaka Orkusveitarfélaga

Fundargerð starfsnefndar Samtaka Orkusveitarfélaga frá 21.03.2023 lögð fram til kynningar.

32. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundargerð 920 fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga lögð fram til kynningar.

33. Fundargerðir stjórnar SASS

Fundargerðir 592. og 593. fundar stjórnar SASS lagðar fram til kynningar.

34. Fundargerðir stjórnar Brunavarna Árnessýslu

Fundargerðir stjórnar Brunavarna Árnessýslu nr. 4., 5., og 6. lagðar fram til kynningar.

35. Ársreikningur og fundargerð Listasafns Árnesinga

Fundargerð stjórnar Listasafn Árnesinga frá 17. mars 2023 og ársreikningur Listasafn Árnesinga lagt fram til kynningar.

36. Fundargerðir framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga

Fundargerðir 7. og 8. fundar lagðar fram til kynningar.

37. Fundargerð stjórnar Bygðarsafns og Ársskýrsla 2022

Fundargerð 4. fundar stjórnar Bygðasafns Árnesinga ásamt ársskýrslu Bygðasafns Árnesinga lagt fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 13.30. Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 19. apríl, kl 09.00. í Árnesi.

Sveitarstjórn 2022-2026. 19. fundur 19. apríl 2023 kl. 09:00 - 13:00

Mættir: Haraldur Þór Jónsson oddviti, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Karen Óskarsdóttir, Vilborg Ástráðsdóttir og Gunnar Örn Marteinsson.

Sylvia Karen Heimisdóttir ritaði fundargerð.

Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera. Leitað var frábrigða. Óskaði oddviti ef því að bæta við einu máli á dagskrá, fundargerð skipulagsnefndar UTU nr. 258. Var það samþykkt samhljóða með fimm atkvæðum og verður erindið nr. 12 á dagskrá. Færast aðrir fundarliðir neðar sem því nemur.

Mál til afgreiðslu og umfjöllunar:

1. Skýrsla sveitarstjóra á 19. sveitarstjórnarfundi
Sveitarstjóri fór yfir stöðu á eftirfarandi verkefnum sem unnið hefur verið að á síðustu fjórum vikum:

RÚV.

Orkumálin.

70 ára afmæli ML.

WorkPoint tekið í notkun.

Fundur með Bygðastofnun.

Ungmennahúsið.

Gatnagerð í Brautarholti.

Undirbúningur framkvæmda í Leikholti.

Framkvæmdir í Skeiðalaug.

Reiðvegamál.

Áætlaður íbúafundur 3. maí.

2. Bókun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um orkumannvirkni

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 30. mars 2023 kynntu fulltrúar Samtaka orkusveitarfélaga bókun samtakanna frá 17. febrúar 2023. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkti eftirfarandi bókun samhljóða:

Í stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2022-2026 er áhersla lögð á mikilvægi stjálfsæðra tekjustofna sveitarfélaga og að þeir verði breikkaðir og styrktir til að stuðla að fjárhagslegri sjálfbærni þeirra. Tekjustofnarnir skulu vera fjölbreyttir og standa

undir þeirri þjónustu sem íbúar kalla eftir, hvort sem hún er lögskyld eða lögheimil. Lögð er áhersla á að sveitarfélög fái hlutdeild í auðlindagjaldi og að fasteignaskattur verði greiddur af öllum fasteignum, þ.m.t. öllum mannvirkjum sem tengjast virkjunum og flutningi rafmagns.

Ljóst er að málflutningur Samtaka orkusveitarfélaga styður við þessi markmið sambandsins. Mikilvægt er að ríkisvaldið bregðist við þessu ákalli sem allra fyrst og sýni í verki vilja til að auka og breikka tekjur allra sveitarfélaga á sanngjarnan hátt til að tryggja fjárhagslega sjálfbærni þeirra.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps fagnar stuðningi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga við málflutning Samtaka orkusveitarfélaga. Nærumhverfi orkuvinnslu er eini hagaðilinn sem hefur ekki notið sanngjarns ávinnings af henni. Mikilvægt er að leikreglum verði breytt til að nærumhverfi njóti sanngjarns ávinnings. Þannig verði lagður grunnurinn að sátt um þá orkuvinnslu sem nauðsynlegt er að ráðast í til að orkuskiptin raungerist.

3. Ársreikningur Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2022 - fyrri umræða

Haraldur Örn Reynisson endurskoðandi KPMG kom inn á fundinn og kynnti ársreikninginn og helstu niðurstöður. Ársreikningur Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2022 lagður fram til fyrri umræðu. Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 1.106,9 millj. kr. í A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 1.052,0 millj. kr. Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 115,3 millj. kr. en í A hluta var rekstrarniðurstaðan jákvæð um 109,2 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2022 nam 961,7 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 1.017,2 millj. kr. Sveitarfélagið hefur innleitt reglugerðarbreytingu nr. 230/2021 og er því hlutdeild sveitarfélagsins í bygðasamlögum færð í einstökum liðum rekstrar og efnahags til samræmis við hlutfallslega ábyrgð. Búið er einnig að færa áhrifin inn í samanburðarniðurstöður ársins 2021. Niðurstöður ársreiknings 2022 teknar til fyrri umræðu. Endurskoðun er enn í gangi með tilliti til bygðasamlaga og annarra samstarfsverkefna sem er ekki að fullu lokið.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps vísar ársreikningi til síðari umræðu.

4. Ársreikningur Hitaveitu Brautarholts 2022 - fyrri umræða

Ársreikningur Hitaveitu Brautarholts 2022 lagður fram til fyrri umræðu. Rekstrartekjur hitaveitunnar námu 4,1 millj. kr. á árinu 2022 og hækkuðu um 0,5 millj. kr. milli ára eða um 14%. Hagnaður veitunnar á árinu 2022 nam 1,3 millj. kr. Eigið fé veitunnar í árslok var jákvætt um 14,4 millj. kr.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir að vísa ársreikningi Hitaveitu Brautarholts 2022 til síðari umræðu.

5. Endurskoðunarskýrsla KPMG 2022

Lögð fram til kynningar endurskoðunarskýrsla KPMG 2022. Skýrslan inniheldur niðurstöður endurskoðunar KPMG á ársreikningi sveitarfélagsins og er ætlað að upplýsa um atriði sem komu í ljós við endurskoðunina. Haraldur Örn Reynisson, endurskoðandi frá KPMG kynnir skýrsluna og svara spurningum sveitarstjórnar.

6. Skólastefna Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Vinna við nýja skólastefnu hefur verið í gangi í allan vetur. Lögð fram drög að nýrri skólastefnu til framtíðar. Meginmarkmið þessarar skólastefnu er að í sveitarfélaginu sé framúrskarandi skólastarf. Skólarnir verði í fremstu röð um framsækið starf, lifandi og sveigjanlegt námsumhverfi. Stefnt er að því á næstu árum að leggja enn meiri áherslu á samstarf, skapandi starf, nýsköpun, fjölbreytta kennsluhætti og umhverfis- og sjálfbærnimennt í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Litið er svo á að skólastarf sé alltaf hægt að bæta og að gæðaskólastarf byggist öðru fremur á því að stöðugt sé leitað leiða til að gera það enn betra.

Í samvinnu við stjórnendur, starfsfólk, nemendur og foreldra er stefnt að því að búa skólunum fyrirmyndar aðstöðu og umhverfi. Hafinn verði undirbúningur að því að Þjórsárskóli verði í framtíðinni heildstæður grunnskóli og að styrkja enn frekar núverandi stöðu Leikholts. Endurhanna þarf Þjórsárskóla með hliðsjón af nýjum áherslum og huga að möguleikum á að reisa íþróttahús við skólann og Fablab/verknámshús.

Lykillinn að uppbyggingu sveitarfélagsins til framtíðar er öflugur skóli og eru markmiðin skýr, að búa til besta skóla á Íslandi. Í dag eru u.þ.b. 40 börn á leikskólaaldri og 70 börn á grunnskólaaldri í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Gangi húsnæðisáætlun sveitarfélagsins eftir þá má gera ráð fyrir að fjölgun barna verði veruleg. Getum við gert ráð fyrir að fjöldi verði:

Eftir 5 ár, 2028, í leikskóla 65 börn, í grunnskóla 115 börn.

Eftir 10 ár, 2033, í leikskóla 90 börn, í grunnskóla 160 börn.

Mikilvægt er því að hefja undirbúning að uppbyggingu skólastarfs til framtíðar og stefna á að í sveitarfélaginu verði rekinn heildstæður grunnskóli 1-10.bekk í Árnesi, leikskóli í Árnesi og leikskólinn Leikholt í Brautarholti verður eflður.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum að vísa framtíðaráformum í skólamálum sveitarfélagsins til annarrar umræðu. Sveitarstjóra og formanni skólanefndar falið að leggja drög að skólastefnu til kynningar og athugasemda fyrir íbúa inn á heimasíðu sveitarfélagsins. Drög að skólastefnu sveitarfélagsins verða kynnt á íbúafundi 3 maí nk.

7. Ösk um skil á lóð

Óskað hefur verið eftir því að skila lóðinni Heiðargerði 1.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps staðfestir með fimm atkvæðum að lóðinni sé skilað og gatnagerðargjöld verði endurgreidd. Sveitarstjóra falið að auglýsa lóðina aftur til úthlutunar.

8. Drög að samningi um rekstur Þjóðveldisbæjar

Lögð fram drög að samningi við nýjan rekstraraðila að Þjóðveldisbænum í Þjórsárdal. Samningurinn er lagður fram til kynningar fyrir sveitarstjórn.

9. Umsagnarbeiðni v. rekstrarleyfis

Lögð fram umsagnarbeiðni vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokk II – C minna gistiheimili

Öll almenn jarðvinna Ólafsvellir ehf Sími 897-5997



að Hlemmiskeiði 5, fasteignanr. F220-1902, umsækjandi Sibbu Hús slf., 804 Selfoss.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við umsókn um rekstur gististaðar í flokki II.

10. Aukaaðalfundarboð SO 2023

Lagt fram boð á aukaaðalfund Samtaka orkusveitarfélaga föstudaginn 21. apríl. Á fundinum verða kynntar tillögur starfsnefndar Samtaka orkusveitarfélaga um ávinning af orkuvinnslu en sveitarstjóri hefur verið formaður nefndarinnar. Samþykking þarf tillögurnar af aðildarfélögunum sem munu síðan verða kynntar fyrir ráðherrum í ríkisstjórn Íslands fyrstu dagana í maí.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum að sveitarstjóri fari með atkvæði Skeiða- og Gnúpverjahrepps á fundinum.

11. Fundargerðir svæðisskipulags Suðurlandis
Lögð fram fundargerð frá fundi svæðisskipulagsnefndar 28. mars 2023. Taka þarf afstöðu til tillögu svæðisskipulagsnefndar og verkefnisstjórnar um að vinnu við gerð svæðisskipulags fyrir Suðurlandið verði lokið og að skipting á viðbótarkostnaði sveitarfélaganna sem standa að skipulaginu verði samkvæmt meðfylgjandi töflu, þar sem hlutur Skeiða- og Gnúpverjahrepps fyrir árið 2023 er 744.186 kr og fyrir árið 2024 372.093 kr.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum að vinnu við gerð svæðisskipulags Suðurlandis verði lokið og samþykkir þann viðbótarkostnað sem fellur í hlut Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Viðbótarkostnaður rúmast innan fjárhagsáætlunar.

12. Skipulagsnefnd Umhverfis- og tæknissviðs uppsveita. Fundargerð 258. fundar.

Þéttbýlið Árnesi í landi Réttarholts; Heiðargerði og Hamragerði; Aukin byggingarheimild; Deiliskipulagsbreyting – 2303076.

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur til þéttbýlisins að Árnesi. Í breytingunni felst að byggingarheimildir á íbúðarlóðum við Heiðargerði og Hamragerði eru rýmkaðar. Heimilt verður að vera með kjallara á íbúðarlóðum þar sem aðstæður og landhæð gefa tilefni til.

Afgreiðslu frestað. Sveitarstjóra falið að staðfesta að breytingin sé í samræmi við fráveitukerfi sveitarfélagsins.

Hlið 1 Laufvallargil L220188; Tvö fristundahús og

aukahús; Deiliskipulag – 2303077

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til lóðarinnar Laufvallagils L220188. Í deiliskipulaginu felst að skilgreindir eru tveir byggingarreitir þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu tveggja sumarhúsa allt að 120 fm að stærð á einni eða tveimur hæðum. Einnig er gert ráð fyrir tveimur aukahúsum, gestahús, geymslu eða baðhúsi. Hámarksnýtingarhlutfall lóðar er skilgreint 0,02.

Að mati sveitarstjórnar fellur stefna deiliskipulagsins ekki að heimildum aðalskipulags Skeiða- og Gnúpverjahrepps þar sem gert er ráð fyrir tveimur fristundahúsum innan stakrar lóðar. Skipulagið fellur jafnframt ekki að heimildum aðalskipulags er varðar landskika allt að 3 ha þar sem gert er ráð fyrir heimild fyrir allt að 3 hús innan nýtingarhlutfalls 0,03 s.s. íbúðarhús, gestahús og skemmu/geymslu. Samkvæmt deiliskipulaginu er gert ráð fyrir allt að 6 byggingum, einu sumarhúsi og tveimur aukahúsum á hvorum byggingarreit. Afgreiðslu málsins frestað og skipulagsfulltrúa UTU falið að annast samskipti við umsækjanda

13. Fundargerðir starfsnefndar Samtaka orkusveitarfélaga

Fundargerðir starfsnefndar Samtaka orkusveitarfélaga frá 28. mars og 4. apríl lagðar fram til kynningar

14. Aðalfundarboð Markaðsstofu Suðurlands

Lagt fram aðalfundarboð Markaðsstofu Suðurlands vegna aðalfundar sem fer fram fimmtudaginn 4. maí nk. á Landhótel í Rangárbæpingi Ytra.

15. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, SASS. Fundargerð 954. fundar stjórnar

Lögð fram fundargerð 954. fundar stjórnar SASS frá 24. mars 2023. Á fundinum kynntu Ása Valdís Árnadóttir og Haraldur Þór Jónsson tilgang Samtaka orkusveitarfélaga ásamt tillögu starfsnefndar orkusveitarfélaganna er varðar tekjur sveitarfélaga af orkuvinnslu. Stjórn SASS bókar eftirfarandi: Stjórn SASS tekur undir bókun Samtaka orkusveitarfélaga um mikilvægi þess að arður af nýtingu náttúruauðlinda til raforkuframleiðslu skiptist með sanngjörnum hætti milli þeirra sem eru hagaðilar við orkuvinnslu. Tryggja þarf að nærumhverfið, þar sem orkan á uppsprettu sína, njóti sanngjarns ávinnings. Lögð er áhersla á að sveitarfélög fái hlutdeild í auðlindagjaldi og að fasteignaskattar verði greiddir af öllum fasteignum, þ.m.t. öllum mannvirkjum sem tengjast virkjunum

og flutningi rafmagns. Er það í samræmi við stefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga 2022-2026 um styrkingu og breikkun tekjustofna sveitarfélaga svo stuðla megi að fjárhagslegri sjálfbærni þeirra.

Auk þess áréttar stjórn SASS mikilvægi þessa að breyta raforkulögum til að tryggja að dreifikostnaður raforku sé sá sami í dreifbýli og þéttbýli.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps fagnar stuðningi stjórnar SASS við málflutning Samtaka orkusveitarfélaga. Nærumhverfi orkuvinnslu er eini hagaðilinn sem hefur ekki notið sanngjarns ávinnings af henni. Mikilvægt er að leikreglur verði breyttar til að nærumhverfi njóti sanngjarns ávinnings. Þannig verði lagður grunnurinn að sátt um þá orkuvinnslu sem nauðsynlegt er að ráðast í til að orkuskiptin raungerist. Einnig er mikilvægt að raforkulögum verði breytt og tryggt að dreifikostnaður raforku verði sá sami í dreifbýli og þéttbýli.

16. Brunavarnir Árnessýslu. Fundargerð 7. fundar stjórnar

Fundargerð 7. fundar stjórnar Brunavarna Árnessýslu ásamt ársreikningi Brunavarna Árnessýslu fyrir árið 2022, lögð fram til kynningar.

17. Arnardrangar hses. Fundargerð 4. fundar stjórnar

Fundargerð 4. fundar stjórnar Arnardangs hses frá 17. mars 2023 lögð fram til kynningar.

18. Tónlistarskóli Árnessýslu. Fundargerð 204. fundar stjórnar

Fundargerð 204. fundar stjórnar Tónlistarskóla

Árnesinga frá 29. mars 2023, ásamt ársreikningi Tónlistarskóla Árnesinga fyrir árið 2022, lögð fram til kynningar.

19. Bergrisinn bs. Fundargerð 52., 53. og 54. fundar stjórnar

Fundargerðir nr. 52., 53. og 54. fundar stjórnar Bergrisans bs lagðar fram til kynningar.

20. Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Fundargerð 921. fundar stjórnar

Fundargerð 921. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga lagðar fram til kynningar

21. Umhverfis- og tæknisvið uppsveita, UTU. Fundargerðir stjórnar

Fundargerðir nr. 98., 99. og 100. fundar stjórnar UTU, ásamt ársreikningi UTU fyrir árið 2022, lagðar fram til kynningar.

22. Heilbrigðisnefnd Suðurlands. Fundargerð 266. fundar

Fundargerð 226. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands ásamt ársreikningi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs. fyrir árið 2022, lögð fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 12:45. Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 3. maí, kl 09.00, í Árnesi.

				6	8		3		
1	9								
8		3	1			2			
4				5	1		6		
7				2				4	
				7		8			
	1				5			7	
		4							
	5			3		1			


5			6		3	8			
		2	9		4		3	1	
				5		6			
1	5		8			4			
3					5	2			
			1	9					
							6		
		8	5	6			7	4	
7	6		4			1			

HUGSUM ÁÐUR EN VIÐ HENDUM

KLÓSETTIÐ ER EKKI RUSLAFATA.
EKKI STURTA BLAUTÞURRKUM OG
ÖÐRU RUSLI NIÐUR!




Klósettpappír



Blautþurrkur




Dömubindi & tíðatappar



Eyrnarpinnar & bómullarskífur



Hár & tannpráður



Maí er hreyfímánuðurinn!



Nú er vor í lofti og um að gera að nýta orkunna sem kemur með bjartari tíð og hlýrra veðri til að byrja með reglulega hreyfingu. Við skorum á alla að taka þátt í Miðfellshlaupinu á Flúðum 3. Júní og nota aðra viðburði mánaðarins til að undirbúa okkur. Í Miðfellshlaupinu er verið að styrkja Píeta-samtökin með því að ganga, skokka eða hlaupa 3, 5 eða 10 km.

Gott er að hafa það sem viðmið að vera búin/n að hreyfa sig að minnsta kosti 10x áður en tekið er þátt. Það á við hvort sem þú ætlar að ganga eða skokka. Með svona undirbúningi þá mun þér líða vel og koma auðveldlega frá því að klára þá vegalengd sem þú velur.

Aðrir viðburðir sem getur hjálpað okkur af stað:

Hjólað í vinnuna: getur þú valið að hjóla í vinnuna hvort sem það er í fjárhúsið eða á skrifstofuna? Eða bara út í búð, þetta snýst aðrarlega um að nota virkan ferðamáta. Hlekkur: <https://hjoladivinnuna.is/>



Hreyfivika UMFÍ: frá 22.-28. maí, UMFÍ hvetur ungmennafélögin og einstaklinga til að stuðla að hreyfingu með því að vera með hreyfi hittinga. Hvort sem það er göngu- eða skokkhittingur eða bara leikjavöld. Vilt þú vera boðberi hreyfingar? Hlekkur: <https://iceland.moveweek.eu/>



Að lokum er það Miðfellshlaupið 3. júní. Það má ganga, gangskokka, skokka eða hlaupa. Aðalmálið er að vera með, byggja upp eigin líkama og sál og um leið styrkja Píeta – samtökin. Sjá ýtarlegri upplýsingar á fésbókarhópi Heilsueflandi Uppsveita: <https://shorturl.at/dCIZ3>

